

Hveiti (*Triticum aestivum*)

Enska; Common wheat, danska; Almindelig Hvede, norska; Kveite, sænska; Vete

Tegundalýsing og kjörlendur

Hveiti er upprétt einær eða vetrareinær korntegund. Blómskipan er ax með grænröndóttum smáoxum sem eru þrí- til fimtblóma. Endar axagna eru með mislangar mjóar týtur eða nafir. Blöðin eru ljósblágræn slétt, hárlaus og mjúk. Fullproska hveitikorn er yfirleitt án axagna (nakið), gult eða rauðleitt og oft hrukkótt og smáhært efst. Hveiti vex hér á landi eingöngu í ræktunarlandi þar sem því er sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Hveiti hefur lítið verið ræktað hér á landi nema í tilraunaskyni. Undanfarin ár hefur vetrarhveiti verið ræktað á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum með viðunandi árangri og hefur kornið verið þurrkað og nýtt til manneldis og fóðurs. Annars staðar hefur það ekki komið vel út í tilraunum. Vetrarhveiti gefur ótrygga kornuppskeru hér landi við bestu skilyrði en þegar best lætur getur það gefið um 5 þurfnistonn á ha. Ókostir við ræktun vetrarhveitis er að það tekur tvö ár að ná einni uppskeru. Á Þorvaldseyri er vetrarhveiti hluti af sáðskiptakerfi þar sem tekinn er einn sláttur af túni áður en það er plægt og sáð í vetrarkorn.

Ræktunarleiðbeiningar

Hveiti er frekar áburðarfrek korntegund sem þrífst best í frjósömum þungum jarðvegi. Hér á landi er vetrarhveiti eingöngu ræktað undir Eyjafjöllum í steinefnaríkum en vel unnum og myldum ræktunarjarðvegi. Æskilegast er að ræktunin sé hluti af sáðskiptakerfi og er þá hveitið ræktað á eftir túni sem hefur verið slegið (eða beitt) fyrr um sumarið. Túnið er síðan plægt og herfað fyrir sáningu. Ráðlagður sáðtími (undir Eyjafjöllum) er um mánaðarmótin júlí/ágúst. Þúsundkornþyngd er 45 til 55 g og sáðmagn yfirleitt um 200 kg á ha. Best er að raðsá í 2-4 cm dýpt. Fáar tilraunir hafa verið gerðar með áburð á vetrarkorn hér á landi en ráðlagt áburðarmagn er sem svarar um 50-60 kg N við sáningu og 70 kg N að vori í Græði 5 eða sambærilegum áburði. Fjögur yrki hafa reynst vel á Þorvaldseyri; Björke frá Noregi, Mjólnir og Stava frá Svíþjóð og Urho frá Finnlandi. Það þarf að panta fræ í tíma af þessum yrkjum og best er að gera það með aðstoð fræinnflytjenda.

